

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610



Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 30. TBL.

29. MAÍ 2009

4. bekkingar sungu inn Bjarta daga

4. bekkingar í grunnskólum Hafnarfjarðar söfnuðust saman á Thorsplani í gær og sungu inn Bjarta daga. Þeir gengu í bæinn og sungu fyrir bæjarbúa. Á Thorsplani setti Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri, hátíðina og bauð 4. bekkinga velkomna. Tónlistarmaðurinn Ingó úr Veðurguðunum söng fyrir og með nemendum. Þá tóku nemendur saman lagið eins og þeir hafa gert undanfarin ár á Thorsplani. Á dagskrá voru söngvar um vorið og í ár voru sérstaklega sungnir söngvar um hafið og sjómennsku í tilefni 100 ára afmælis Hafnarfjarðarhafnar. Þá hefur sú hefð skapast að 4. bekkingar syngja söng um bæinn sinn, *Þú býri Hafnarfjörður*. Myndirnar hér eru frá Thorsplani í gær en það stytta upp meðan á setningunni stóð.



Úrslit í frímerkjasamkeppni á morgun

Nemendur í 5. bekkjum í grunnskólum Hafnarfjarðar hafa í vetur tekið þátt í teiknisamkeppni sem haldin var í tilefni norrænu frímerkjasýningarinnar Nordia 2009 sem haldin er í Hafnarfirði í ár. Sýningin opnaði í dag og stendur til sunnudags og er opin sem hér segir:

- Föstudagur kl. 13-18.
- Laugardagur kl. 10-18.
- Sunnudagur kl. 10-16.

Verkefni nemenda í teiknisamkeppninni var að hanna frímerki þar sem álfar og íslenska þjóðtrú væru viðfangsefnið. Alls bárust



295 teikningar frá 5. bekkjum í keppnina frá sjö grunnskólum í bænum. Þrenn verðlaun verða veitt fyrir teikningar og verða úrslit tilkynnt á morgun, laugardag kl. 15 í íþróttahúsinu Strandgötu þar sem frímerkjasýningin er haldin. Sigurlaunin eru mismikill fjöldi persónulegra frímerkja sem sigurvegarar fá af eigin teikningu (98, 74 eða 48 frímerki).

Frímerkjasýningin er öllum opin og teikningar allra nemenda sem tóku þátt í keppninni eru til sýnis á Nordia 2009.

Skólaþróun



FRÉTTIR

úr stjórn- kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 25. maí
182. fundur:

- Ágústa Bárðardóttir, skólastjóri Hraunvallaskóla (grunnskólahluti) kynnti skólanámskrá skólans.
- Lögð fram drög að samkomulagi milli skólastjóra Hraunvallaskóla, deildarstjóra æskulýðsmála og forstöðumanns Mosans um 'Tilraunaverkefni um samstarf félagsmiðstöðvar og heilsdagsskóla (Hraunsel) Hraunvallaskóla.' Fræðsluráð tekur jákvætt í hugmyndina en enginn kostnaður fylgir verkefninu umfram fjárhagsáætlun ársins.
- Lögð fram drög að samkomulagi milli fræðslusviðs og foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar. Samkomulagið staðfestist af Hjallastefnunni ehf. Sara Dögg Jónsdóttir, skólastjóri og Gestur Gestsson, talsmaður foreldra, mættu til fundarins. Fræðsluráð staðfestir samkomulagið fyrir sitt leyti með fyrirvara um að starfsleyfi fái frá menntamálaráðuneytinu. Fram kom ósk frá fulltrúa VG, um að málinu yrði vísað til umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn. Fræðsluráð samþykkir það.
- Kynntar styrkveitingar úr endurmenntunarsjóði grunnskóla 2009-2010. Sjá nánar fundargerð.

Tilkynning vikunnar

Skólavefritið kemur ekki út næsta föstudag. Síðasta blað þessa skólaárs kemur út föstudag 12. júní.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
12. júní 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni


» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Nú er komin út 15. og síðasta bókin í hinum vinsæla bókaflökki **Komdu og skoðaðu ... íslenska þjóðhætti**. Hún er lengri en fyrri bækur en í henni er viðfangsefnið daglegt líf fólks á Íslandi fyrr á tímum. Kennsluleiðbeiningar eru væntanlegar.

» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Nú er búið að opna vefinn **Margföldun í undirdjúpunum** sem er gagnvirkur vefur fyrir yngsta stig grunnskóla. Á vefnum eru gagnvirk verkefni sem eru ætluð til að auka færni nemenda í margföldun. Slóðin er: <http://www.nams.is/undirdjup/margfoldun/index.htm>.



» Nýtt frá Námsgagnastofnun: **Leikur, tjáning, sköpun** er handbók fyrir leiklistarkennslu og ætluð þeim sem leggja leiklistarkennslu fyrir sig. Hún nýtist bæði sem handbók og hugmyndabanki í kennslunni. Þungamiðja bókarinnar er skipulag kennslu á unglingsstigi. Þar er önninni skipt í þrjá hluta: Í fyrsta hluta er grunnur lagður og hugmynd að verki fæðist, í miðhluta eru spunaæfingar og safnað í sarpinn fyrir sýningu og í lokahluta er leikritið æft og sýnt.


» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Út er komin bókin **Ritum saman - Blái blýanturinn** eftir Ragnheiði Gestsdóttur, ásamt kennsluleiðbeiningum. Bókin er ætluð nemendum sem enn eru skammt á veg komnir í ritun. Verkefni í þessari bók eru byggð á sömu forsendum og í **Ritum saman - Græni blýanturinn**, en eru aðeins þyngri. Kennsluleiðbeiningar eru einnig tilbúnar með bókinni.



» Nýtt frá Námsgagnastofnun: **Sproti 2a** er önnur bókin í flokki kennslubóka í stærðfræði fyrir yngsta stig og miðstigi grunnskóla. Í Sprotu er lögð áhersla á margs konar kennsluáðferðir og misþung verkefni. Í öðrum hluta Sprotu eru: Nemendabækurnar Sproti 2a og 2b, æfingaheftin Sproti 2a og 2b, verkefnahefti til ljósritunar og kennarabækur með Sprotu 2a og 2b.

» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Nú er komin út bókin **Byggingalist í augnhæð** eftir Guju Dögg Hauksdóttur. Manngert um hverfi snertir alla og er mikilvægur hluti af daglegu lífi okkar. Byggingarlist nýtir sér tungumál forms og rýmis, efnis og birtu sem kveikir listræna upplifun á hversdagslegum sem sérstökum stöðum. Þessi bók réttir fram lykila að lestri á byggingarlist.

» Nýtt frá Námsgagnastofnun: Út er komin bókin **Drekadansinn** eftir Gerði Kristnýju. Bókin er í smábókaflokknum og í fimmta þyngdastigi samkvæmt flokkun Námsgagnastofnunar á lestrarbókum. Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir myndskreytti bókina.



Þann 28. ágúst kl. 9:00 til 16:30 verður boðið upp á eins dags hagnýtt námskeið fyrir kennara um lífsleikniefnið **Að vaxa úr grasi 1-5** og **Að ná tökum á tilverunni**. Þátttakendur öðlast réttindi til að nota báða flokkana í kennslu. Námskeiðið verður haldið í húsakynnum Námsgagnastofnunar að Víkurharvi 3 í Kópavogi. Umsjón með námskeiðinu hefur Aldís Yngvadóttir. Vinsamlegast skráið þátttöku á netfangið ellen@nams.is fyrir 6. ágúst nk. Námskeiðsgjald er 1.500 kr.

Fróðleiksvefurinn Ari fróði

Vefsetrið **Ari Fróði** er hugsaður sem safnvefur. Hann vísar á aðra vefi eftir flokknum sem sérstaklega hafa verið útbúnir. Þetta er eins konar alfræðivefur um ýmsa þætti daglegs lífs sem

lætur aðra um sjálf skrifin og upplýsingamiðlunina. Þannig eru tengingar á ýmsa vefi eftir margvíslegum flokkunum. Þó er ekki auðvelt að sjá með uppfærslur á vefnum og hvort hann fylgist

með nýjungum á vefnum yfirleitt. Hugmyndin er sniðug en til þess að vefurinn virki vel þarf sífellt að uppfæra hann.

Vefur sem gefur mikla möguleika.



VEFSLÓÐ: <http://arifrodi.is>

FRÉTTABRÉF SKÓLASKRIFSTOFU HAFNARFJARÐAR: SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLA